

174

27. des.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt nr. 118 21. maí 1953, um sýsluvegasjóð
í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

2. grein samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru þessir:

I. Aðalvegir:

1. Hálsasveitarvegur: Frá Reykdælavegi hjá Giljabrú, á Borgarfjarðarbraut austan Hraunsáss.
2. Stóra-Kroppsvegur: Frá Bæjarsveitarvegi á Hamramelum, um Stóra-Kropp, yfir Geirsá á flugvöllinn á Kálfanesmelum.
3. Sarpavegur: Frá brú á Fitjaá, um Sarp og Efstabæ, vestan Eiríksvatns, á Uxa-hryggjaveg.
4. Múlastaðavegur: Frá Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk, um Múlastaði að Eyri.
5. Bæjarvegur: Frá Þingnesvegi hjá Brún, um Bæ yfir Laugarlæk að Laugarholti.
6. Kvígsstaðavegur: Frá Draghálsvégi hjá Skjólhól, um Heggstaði, Kvígsstaði og Vatnshamra á Skorradalsveg.
7. Leirárlaugarvegur: Frá Leirárbrú um Eystri og Vestri Leirárgarða að Leirár-laug.
8. Botnsdalsvegur: Frá Vesturlandsvegi við Botnsárbrú, um Litla-Botn að Stóra-Botni.
9. Grafardalsvegur: Frá Draghálsvégi í Kornahlið, um Draghál að Grafardal.
10. Vallanesvegur: Frá Akranesvegi, um Hvítanes að Vallanesi.
11. Reynisvegur: Frá Akrafjallsvégi hjá Heynesi, að Eystri- og Vestri-Reyni.

II. Aukavegir:

1. Augastaðavegur: Af Hálsasveitarvegi um brú á Reykjadalssá að Augastöðum.
2. Breiðabólssstaðavegur: Frá Borgarfjarðarbraut austan Reykhólts að Breiðabólssstað.
3. Grímsstaðavegur: Frá Borgarfjarðarbraut að Grímsstöðum.
4. Skáneyjarvegur: Frá Borgarfjarðarbraut gegnt Nesi, um Birkihlíð að Skáney.
5. Viðigerðisvegur: Frá Borgarfjarðarbraut austan Deildartungu, um nýbýli að Viðigerði.
6. Brekkukotsvegur: Frá Borgarfjarðarbraut norðan Deildartungu að Brekkukoti.
7. Hurðarbaksvegur: Frá Borgarfjarðarbraut um Garð að Hurðarbaki.
8. Ásgarðsvegur: Frá Stóra-Kroppsvégi að Ásgarði.
9. Klettsvegur: Frá Stóra-Kroppsvégi vestan Geirsár að Kletti.
10. Brúsholtsvegur: Frá Flókadalsvegi við Þrándarholt að Brúsholti.
11. Hrísavegur: Frá Flókadalsvegi að Hrísum.
12. Geirshlíðarvegur: Frá Flókadalsvegi við Þrándarholt að Geirshlíð.
13. Þverfellsvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi í Hrísmýri að Þverfelli.
14. Gilstreymisvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi austan Kaldagils að Gilstreymi.
15. Englandsvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi utan Reykja að Englandi.
16. Iðunnarstaðavegur: Frá Lundarreykjadalssvegi undan Brennu að Iðunnarstöðum.
17. Tungufellsvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi austan Brautartungu að Tungufelli.
18. Hólsvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi við Tunguárbrú að Hóli.

19. Grafarvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi að Gröf.
20. Stafholtseyjarvegur: Frá Bæjarsveitarvegi við Græfrur að Stafholtsey.
21. Ausuvegur: Frá Vesturlandsvegi að Ausu.
22. Neðra-Skarðsvegur: Frá Leirársveitarvegi að Neðra-Skarði.
23. Melkotsvegur: Frá Leirársveitarvegi að Melkoti.
24. Geldingaárvegur: Frá Vesturlandsvegi við Skorholt að Geldingaá.
25. Vatnaskógarvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Saurbæ að brú á Laxá í Svinadal.
26. Kalastaðakotsvegur: Frá Vesturlandsvegi að Kalastaðakoti.
27. Svarfhólsvegur: Frá Svinadalssvegi hjá Hurðarbaki að Svarfhóli.
28. Efra-Skarðsvegur: Frá Leirársveitarvegi um Tungu að Efra-Skarði.
29. Galtarholtsvegur: Frá Vesturlandsvegi að Galtarholti.
30. Arkarlækjarvegur: Frá Akranesvegi að Arkarlæk.
31. Vogavegur: Frá Akranesvegi hjá Hausthúsum, um Elínarhöfða og Bakkabæ á Akranesveg hjá Miðvogi.

Þar sem sýsluvegur liggur heim að býli, er undanskilinn 300 metra vegur, mælt frá íbúðarhúsi, sem ekki telst sýsluvegur. Sýsluvegur nær þó aldrei lengra en að heimatúni býlis, þótt lengra reynist en að framan greinir.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 10 9. febr. 1953, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Brynj. Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 119 21. maí 1953, um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru þessir:

I. Aðalvegir:

1. Veiðilækjarvegur: Frá Þverárhliðarvegi hjá Lindarhvoli (Lækjarkoti) um Lindarhvol, Höll, Veiðilæk og Svartagil á Glitsstaðaveg.
2. Skarðshamravegur: Frá Glitsstöðum um Skarðshamra, Hafþórsstaði, Hól að Háreksstöðum.
2. Jafnaskarðsvegur: Frá Vesturlandsvegi við Bifröst um Hreðavatn, Jafnaskarð og Stóru-Skóga á Vesturlandsveg á Kolási.
4. Ásbjarnarstaðavegur: Frá Kleifavegi um Sleggjulæk, Ásbjarnarstaði að Selhaga.
5. Neðra-Nesvegur: Frá Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalstaði, Efra-Nes að Neðra-Nesi.
6. Gufárvegur: Frá Borgarnesbraut við Gufá um Gufá, Staðarhús að Laxholti.